



2. stjórnarfundur L.H. haldinn í Bændahöllinni 4. 12. 90 kl. 14.30

Mætt: Kári, Gunnar, Guðmundur, Ingimar, Jón, Sigfús, Sigrún, Halldór boðaði forföll og Skúli.

1. Landsmótskvikmynd. L.H. hefur fengið 10 eintök og kvaðst formaður hafa séð hana. Sagði hann ýmislegt gagnrýniverð við myndina og fór hann nokkrum orðum um það. Fundarmenn ræddu uppbyggingu myndarinnar og val á efni og kom fram að ef til vill hefði þurft nákvæmari stjórn við kvikmyndagerðina. Kári ætlar að taka saman punkta um myndina og hvatti hann aðra stjórnarmenn til að skoða myndina.
2. Uppgjör landsmóts. Skúli greindi frá stöðu mála. Löggæslukostnaður er komin til umræðu hjá fjárveitinganefnd. Þá er búið að skipa matsnefnd til að meta húsnæði sem Vindheimamelar s.f. þurfa að kaupa og enn fremur eru lausar snyrtingar til sölu. Númerin á sýningarhrossin standa í 318.000 og þarf stjórn L.H. að taka afstöðu til málsins. Sveinn Guðmundsson stefnir að því að kalla saman fund í framkvæmdanefnd, þegar þessi mál sem talað er um eru afgreidd. Búið er að greiða 200.000 til hvers félags og telst þetta vera meira en helmingur hagnaðar. Félögin eru 13 og L.H. til viðbótar. Nokkuð var rætt um þetta. Stjórnin mælist til þess að Skúli reki á eftir uppgjóri og enn fremur verður sendur reikningur fyrir leigu á merkjum. Rætt var um upphæð leigu. Ákveðið að afskrifa merkin á 3-4 árum.
3. Mótahald. Sigfús greindi frá því að niðurröðun móta '91 væri komin vel á veg.
4. Fjórðungsmót á Gaddstaðafhlötum. Búið er að skipa framkvæmdanefnd skipuð 7 mönnum, formaður er Kristinn Guðnason og framkvæmdastjóri Fannar Jónasson. Hjalti greindi frá ýmsu sem hefur verið framkvæmt og á að framkvæma. Gunnar greindi einnig frá ýmsu varðandi þetta. Búnaðarfélag Íslands er búið að samþykkja tímasetningu mótsins. Gunnar gat um reiðvegaframkvæmdir og bað um að hugað væri að því að skipa reiðveganefnd helst á þessum fundi. Þá greindi Kári frá fundi sem hann og Hjalti höfðu farið á með stjórnnum félaga á höfuðborgarsvæðinu um reiðvegamál. Greindi Kári frá því helsta sem þar hafði borið á góma. Fundarmenn ræddu reiðvegamál almennt. Það kom fram að reynt er að fá reiðvegafé hækkað í 6 milljónir.
5. Þing Landverndar og Náttúruverndarráðs. Skúli og Hjalti Jósefsson fóru á Landverndarþingið og Árni Waag og Sigurður Þorsteinsson sátu Náttúruverndarþingið. Skúli greindi frá þingi Landverndar.

6. Kári greindi frá því að hann og Guðmundur Jónsson fóru á fund fjarveitinganefndar Alþingis varðandi styrki til Reiðskólans og fleirimál. Þá greindi Kári frá því að Reiðhöllin hefur verið tekin á leigu frá 1.1.91, fyrir 2.000.000 á ári til eins árs. Verið er að vinna að rekstraráætlun og einnig er verið að ræða við ákveðinn aðila um að taka að sér reksturinn. Reksturinn á síðasta ári rétt stóð undir sér.
7. Til stendur að endurnýja samning við F.T. Kári kvað það sitt mat að erfitt væri að hækka þetta mikið enda hafa laun hækkað sáralítið og margur annar kostnaður hefur lítið hækkað. Fundarmenn ræddu nokkuð samninginn á síðasta ári. Kári og Gunnar ræða við Tamningamenn um þetta.
8. Lögð fram drög að lögum Dómarafélagsins, en þeim var breytt á síðasta aðalfundi.
9. Nefndarskipan. Rætt var um starf fræðslu- og útgáfunefndar og er ljóst að finna þarf verkefni sem nauðsynleg teljast. Stefnt skal að, að nefndin safni og setji saman efni sem getur talist hentugt sem kennsluefni í hestamennsku. Þá skal haft samband við Námsgagnastofnun um útgáfu efnisins. Nefndarmenn:
Sigurður Þorsteinsson, Kópavogi.
Bjarni Ansnes, Flúðum.
Hjörtur Einarsson, Húnavöllum.
Sólveig Ólafsdóttir, Reykjavík.
Eiríkur Guðmundsson, Gunnarsholti.

Reiðveganefnd.

Gunnar B. Gunnarsson, Arnarstöðum.
Kristmundur Halldórsson, Kópavogi.
Eggert Pálsson, Kirkjulæk

Umræður urðu um skipan Gæðinga- og unglínfanefndar, enda virðist liggja fyrir mikið starf á hennar vegum.

Gæðinga- og unglínfanefnd:

Olíi Amble, Stangarholti
Guðmundur Jónsson, Reykjum
Rúna Einarisdóttir, Gunnarsholti.
Þórður Axelsson, Mosfellsbæ
Rósmaríe Þorleifsdóttir, V-Geldingaholti,
Varmamenn:
Þorvaldur Sveinsson, Kjartansstöðum.
Jóhann Þorsteinsson, Miðsitju,

Unglinganefnd skal yfirfara unglingastarf:

Sigrún Sigurðardóttir, Garðabæ.
Jón Albert Sigurbjörnsson, Reykjavík.
Hólmgeir Valdimarsson, Akureyri.
Rósmarie Þorleifsdóttir, V-Geldingaholti.
Kristbjörg Eyvindsdóttir, Reykjavík.

10. Starf æskulýðsfulltrúa. Rætt var um þetta vegna þess, að Kolbrún Kristjánsdóttir hefur rætt við formann um starf sitt og framtíð þess. Formanni falið umboð til að ræða við hana um áframhaldandi starf.

11. Nefnd til að yfirfara sl. landsmót.

Ingimar Ingimarsson, Y-Skörðugili.
Gunnar Arnarson, Reykjavík.
Olil Amble, Stangarholti.
Kolbrún Kristjánsdóttir, Rauðuvík.
Kristinn Hugason, ráðunautur.
Högni Bæringsson, Stykkishólmi.
Elísabet Þórólfsdóttir, Garðabæ.

Fundi slitið kl. 18.30.

Kári Arnórsson
Gunnar B. Gunnarsson.
Sigfús Guðmundsson
Sigrún Sigurðardóttir.

Guðmundur Jónsson
Ingimar Ingimarsson.

FRAMTÍÐ ÍSLENSKS LANDBÚNAÐAR OG SJÁLFBÆR ÞRÓUN

Góðir áheyrendur.

Erindi mitt ber heitið "Framtíð íslensk landbúnaðar og sjálfbær þróun". Öll erum við börn okkar tíma og mér hefur orðið hugsað til þess hve langt skyldi vera síðan umræðuefni sem þetta komst á dagskrá, þ.e. sjálfbær þróun tengd framtíð íslensks landbúnaðar. Ég minnst þess ekki að hafa heyrt hugtakið sjálfbær þróun fyrr en á þessu ári eða hinu síðasta. Reyndar hefur þetta líka verið nefnt "haldbær þróun" sem mér finnst ná betur frumhugtakinu "sustainable development" á ensku og "bærekraftig utvikling" á norsku.

Nú er það svo að íslenskur landbúnaður í 1100 ára sögu lands og þjóðar hefur oft á tíðum ekki getað kallast haldbær, heldur byggst á rányrkju. Forfeður okkar höfðu hins vegar það sér til afsökunar að tilvera þeirra stóð og féll með þessari rányrkju. Hér á landi var oft búið við þau lágmarks lífsskilyrði sem mannlegu lífi verður lifað og dugði ekki alltaf til. Fólk féll úr hungri og fátækt. Til þess sáu m.a. eldgos og kalt veðurfar. Það væri nokkuð hrokafullt af Íslendingum nú á dögum að segja af þeim sökum við horfnar kynslóðir: Þið skeyttuð ekki um landvernd og haldbæra þróun.

Það var ekki fyrr en komið var fram á þessa öld að hungurvofunni var bægt frá íslenskum heimilum en nokkru fyrr var farið að huga að verndun gróðurs og jarðvegs hér á landi.

Meðan framboð af mat var minna en eftirspurn hafði hið opinbera hér á landi engin afskipti af verðmyndun búvara. Um miðja öldina gerðist það að ríkisvaldið fór að sjá sér hag í því að greiða niður verð nokkurra innlendra búvara sem lið í samningum um kaup og kjör launþega. Um það leyti fara tækniframfarir að skila miklum árangri í landbúnaði sem og á öðrum sviðum og því fylgdi að framboð matvæla stórjókst. Í kjölfar þess lækkaði verð þeirra. Sú þróun hefur haldið áfram síðan og nú er svo komið að heims-markaðsverð búvara er oft á tíðum langt undir framleiðslukostnaði, eins og kunnugt er.

Á þessa samkeppni hefur óspart verið spilað í hinum vestræna heimi, þar á meðal hér á landi. Afleiðing þess er að til hefur orðið eins konar svikamylla. Hún er í stórum dráttum þannig: Bændur í einstökum löndum keppa um markað fyrir framleiðsluvörur sínar, sín á milli og landa á milli. Til að bæta samkeppnis-stöðu sína taka þeir í notkun sífellt fleiri efni og áhöld til að auka framleiðsluna og gera hana ódýrari. Meðal þessara efna eru efni sem úðað er á jurtir til að hindra sjúkdóma og skaðdýr og auka vöxt. Þarna má einnig nefna vaxtaraukandi efni, þ.e. hormóna, og lyf sem gefin eru búfé. Auk þess er búféð stundum látið búa við þrengsli, m.a. til að auka nýtingu bygginga.

Til skamms tíma hefur almenningur litið með velþóknun á þetta búskaparlag og hvatt til þess. Talsmenn launþega og neytendasamtaka, hagfræðingar og stjórnmálamenn hafa fagnað lágu verði á mat og leitast við að etja saman framleiðendum matvæla til að pressa verðið enn frekar niður, en ekki spurt hvernig að því væri farið. Bændur hafa brugðist við með þeim hætti að herða enn á notkun hjálparefna og/eða auka rányrkju.

Þekkt er úr hagfræðinni að hvers kyns framleiðsla er samsett úr þremur þáttum, náttúruauðlindum, vinnu og fjármagni, öðru nafni framleiðslutækjum. Við matvælaframleiðslu, sem og aðra framleiðslu, hefur það lengi viðgengist að umboðsmenn vinnuafls og fjármagns hafa staðið styrkan vörð um hagsmuni umbjóðenda sinna, en umboðsmenn og talsmenn náttúruauðlindanna hafa til skamms tíma lítið komið við sögu. Munurinn á þessum þremur þáttum að baki allrar vöruframleiðslunnar; vinnu, fjármagni og

Svalt veðurfar hefur einnig löngum verið talinn ókostur við Ísland. Þessu loftslagi eigum við hins vegar það að þakka að við erum laus við margs konar sjúkdóma á gróðri og skaðdýr og getum framleitt afurðir okkar með miklu minni notkun eiturefna en margar aðrar þjóðir gera. Þá hefur oft verið bent á óhagræði okkar af að búa langt úti í hafi, fjærri öðrum þjóðum, en á hinn bóginn hefur þessi fjarlægð varið okkur fyrir því mengaða andrúmslofti sem aðrar þjóðir búa við.

Það má spyrja hvort þessir og fleira neikvæðir þættir verði auðlind okkar í þeirri framtíð sem nú blasir við. Útflutningur á vatni sem nú er hafinn gæti verið til marks um það.

Á hinn bóginn ber okkur að fylgjast grannt með þessum málum til þess að halda stöðu Íslands sem land hreinleika og hollustu. Þar þarf víða að hafa vakandi auga. Við þurfum að gæta að úrgangi frá fiskeldisstöðvum, og við þurfum að huga að því sem er að gerast í alifugla- og svínarækt í kringum okkur hvað varðar aðbúnað og dýravernd. Þá er ástæða til að fylgjast með hvort of nærri er gengið akurlendi sem hvíldarlaust er notað undir kartöflurækt.

Það er stefna Stéttarsambands bænda að haga búskaparháttum hér á landi, jafnt í búfjárrækt sem jarðrækt, þannig að hvergi sé gengið á höfuðstól náttúrunnar og það er ekkert sem bendir til að íslenskur landbúnaður geti ekki skilað hlutverki sínu í góðri sátt við umhverfið. Í því sambandi er það jafnframt skoðun Stéttarsambands bænda að ábyrgð og tjörn á nýtingu þeirra landgæða sem íslenskur landbúnaður hefur með höndum hljóti að vera á einni hendi. Það er í samræmi við niðurstöður skýrslu umhverfisnefndar Sameinuðu þjóðanna, undir forystu Gro Harlem Brundtland.

Til þess að tryggja sé að íslenskar búvörur haldi áfram gæðastimpli sínum þarf að vera í gangi stöðugt eftirlit með þeim, en vörur sem eru lausar við aukaefni, svo sem skaðlega þungmálma, eiturefni, eins og díoxsín og PCB, og lyfjaleifar, eru okkar sterkasta tromp. Við þurfum einnig að efla skilning á því að það er ekkert sjálfsagt mál að framboð á nægum og heilnæmum mat sé ætíð tryggt. Í heimi hér er fátt öruggt. Það munaði ekki miklu að eiturskýið frá Tsjernobyl næði til Íslands með geislavirkt úrfelli sitt.

Lokaorð mín skulu vera þau að framtíð íslensks landbúnaðar hefur allar forsendur til að vera jafn björt eða bjartari en landbúnaðar margra annarra þjóða. Það eru vissulega blikur á lofti. Sumar þeirra ógna okkur jafnt eða meira en öðrum en aðrar ógna öðrum þjóðum mun meira.

En þegar upp er staðið þá erum við öll á sama báti og örlög okkar eru samfléttuð örlögum annarra.